

Nd.

653. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör sjómanna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með setningu bráðabirgðalaganna 6. sept. 1976 var að álit minni hl. sjávarútvegsnefndar brotið gegn efni 28. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um hvenær heimilt er að setja bráðabirgðalög. Forsenda sú fyrir setningu bráðabirgðalaga, sem þar er mörkuð, er á þá lund að brýna nauðsyn þurfi að bera til, svo málum verði skipað með setningu bráðabirgðalaga. Sú forsenda var hins vegar ekki fyrir hendi í þessu tilviki. Verkfall stóð ekki yfir né hafði verið boðað og engar umræður um slíka aðgerð voru hafnar meðal sjómanna. Í öðru lagi var samkomulagstilraunum ekki lokið og því enn óreynt, hvort samkomulag gæti ekki tekist milli aðila án afskipta ríkisvalds og Alþingis. Í þriðja lagi var aðeins rúmur mánuður, þegar bráðabirgðalögin voru sett, til þess tíma að reglulegt Alþingi kæmi saman og því engin ástæða til þess að grípa til bráðabirgðalagasetningar.

Við útgáfu bráðabirgðalaganna var bundinn endi á framhaldandi samningaviðræður, sem miðuðu að samræmingu sjómanna um land allt, bæði varðandi aflahlut og tryggingar. Frá því bráðabirgðalögin voru gefin út hefur verið samið sérstaklega á Vestfjörðum um hærri aflahlut, og má því til sanns vegar færa að andi bráðabirgðalaganna hafi verið brotinn nær tafarlaust.

Gildistími þessara bráðabirgðalaga, sem sett voru á mjög svo hæpnum forsendum, og mótmælt hefur verið kröftuglega, rennur út 15. þessa mánaðar. Verði þau nú staðfest á Alþingi, mundi slíkt aðeins leiða til harðari deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Því leggur undirritaður minni hluti til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1977.

Garðar Sigurðsson,
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.